


## GILDANDI DEILISKIPULAG 1:500

**GILDANDI DEILISKIPULAG, samþykkt Í borgarráði 25.4.2005, auglýst í Stjórnartíðindum 25.5.2005.**




## TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI 1:500




SKÝRINGAR:



# GREINARGERÐ MEÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI HVERFISGÖTU 19, ÞJÓÐLEIKHÚSS.

LÝSING, NÚV. ÁSTAND

Á norðausturhluta lóðarinnar stendur í dag steypt plata og ca. 1 meters hár sökkull upp úr jörðinni. Hér eru leyfar af viðbyggingu við Þjóðleikhúsið sem teiknuð var á árinu 1960 af Húsameistara ríkisins. Sú bygging fór aldrei lengra upp úr jörðinni á sínum tíma en kjallarinn hefur verið notaður fyrir smíðaverkstæði Þjóðleikhússins.
Að öðru leyti er þessi hluti lóðarinnar aðallega notaður fyrir starfsmannabílastæði Þjóðleikhússins.

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

Núv. deiliskipulag var samþykkt í borgarráði 25.4. 2005.

Í gegnum árin hafa komið fram ýmsar tillögur um viðbyggingar og stækkun Þjóleikhússins. Yfirleitt hafa þær tillögur falið í sér stækkun til norðausturs. Þannig er því líka varið í gildandi deiliskipulagi. Í dag stendur hugur Þjóðleikhússins til að byggja einfalda gerð byggingar (bráðabirgðabygging) ofan á núv. kjallara til austurs (smíðaverkstæði). Markmiðið er að bæta aðstöðu fyrir geymslu og flutning á leikmyndum í tengslum við aðalsvið Þjóðleikhússins. Öll meðhöndlun leikmynda verður innanhúss og mun spara rekstrarkostnað. Akstur verður beint að móttökudyrum. Aðkoma frá Lindargötu. Þessi bygging, þó einföld sé, verður með vandaðri klæðningu að utan og frágangi sem háð er samþykki Minjastofnunar, húsafriðunarnefndar og borgarminjavarðar.

Seinna taka við stærri áform um viðbyggingar við Þjóðleikhúsið og mun þá þessi viðbygging víkja.

Breytingin á deiliskipulaginu nú felst í því að upp við austurvegg Þjóðleikhússins verður hægt að byggja hærri byggingu lengra til suðurs en er hægt í gildandi skipulagi.
Ekki er breytt ásýndarmynd gildandi deilskipulags frá Lindargötu.

## SKILMÁLAR :

| GILDANDI DEILISKIPULAG | | | | | TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Staðgr. | heiti | lóð m2 | byggm. | max N: | lóð m2 | byggm. | max N: |
| 1151410 | Hverfisgata 19 | 3996,0 | 10610,0 | 2,67 | 3996,0 | 10754,0 | 2,69 |

## GÖTUMYNDIR/SNEIÐINGAR 1:500







## SKÝRINGARMYND

HORFT AÐ ÞJÓÐLEIKHÚSI FRÁ LÓÐAMÖRKUM AUSTURHLIÐAR

**Umhverfis- og skipulagsráð leggur áherslu á að framkvæmdaaðili upplýsi með skiltum um framkvæmdaráætlanir, byggingartíma og annað það sem skiptir íbúa máli.**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á Borgarráði þann 30. maí 2013

Tillagan var grenndarkynnt frá 2. apríl 2013 með athugasemdafresti til 1. maí 2013

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 21. júní 2013

Björn Axelsson

| NR. | BREYTINGAR | DAGS. |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |
| B | BREYTTUR TEXTI | 16.05.13 |
| A | BREYTTUR TEXTI | 13.05.13 |

Breytt 13. maí 2013 eftir grenndarkynningu.
Breyttur texti varðandi efni klæðningar viðbyggingar og skilyrt að frágangur sé háður samþykki Minjastofnunar, húsafriðunarnefndar og borgarminjavarðar.

Breytt 16. maí 2013, viðbótartexti um upplýsingarskilti á byggingarstað, skv. bókun umhverfis- og skipulagsráðs.

# ÞJÓÐLEIKHÚS

HVERFISGATA 19

BREYTING Á DEILISKIPULAGI
REITS 1.151.4

DEILISKIPULAG

| | | | |
|---|---|---|---|
| MKV. | 1:500 | HANNAÐ | GH/RH |
| V.NR. | | TEIKNAÐ | RH |
| DAGS. | 21.3.2013 | YFIRFARIÐ | |

TEIKN. NR. 1

SAMÞYKKT KT 050742-4669

TEIKNISTOFA
GARÐARS HALLDÓRSSONAR, HÚSAMEISTARA
BORGARTÚN 20, 105 REYKJAVÍK
Sími: 562 1700 Símbréf: 562 1400 Netfang: tgh@centrum.is